



AUSTURLAND

SAMSTARFSYFIRLÝSING


SAMSTARFSSAMNINGUR

Austurbrú leggur áherslu á samvinnu og sameign á verkefninu Austurland*.

Samstarfsumhverfið í kringum Austurland* er stutt af markmiðum og áherslum í sóknaráætlun landshlutans. Því aðildaumhverfi má lýsa sem tré og nota myndlíkingu sem hentar vel til að útskýra uppbyggingu og virkni.

AÐILD AÐ AUSTURBRÚ

Með því að verða aðili að Austurlandi* hjá Austurbrú mun þín skuldbinding stuðla að framþróun Austurlands í samræmi við sóknaráætlun landshlutans. Þú munt einnig verða órjúfanlegur hluti af okkar samstarfsneti og hafa aðgang að verkfærum á okkar innra svæði á www.austurland.is



AUSTURLAND* SAMSTARFSLÍKAN



SPROTI

LÍTIL FYRIRTÆKI
OG FÉLAGASAMTÖK

GREIN

MILLISTÓR FYRIRTÆKI

STOFN

STÆRRI FYRIRTÆKI

RÓT

HEIMILI (FJÖLSKYLDUR)

VERÐSKRÁ – ÁRGJALD 2018

SPROTI

58.000 KR

LÍTIL FYRIRTÆKI
OG FÉLAGASAMTÖK

GREIN

115.000 KR

MILLISTÓR FYRIRTÆKI

STOFN

240.000 KR

STÆRRI FYRIRTÆKI

RÓT

6.000 KR

HEIMILI (FJÖLSKYLDUR)

VERÐSKRÁ – ÁRGJALD FRÁ OG MEÐ 2019

SPROTI

78.000 KR

LÍTIL FYRIRTÆKI
OG FÉLAGASAMTÖK

GREIN

150.000 KR

MILLISTÓR FYRIRTÆKI

STOFN

360.000 KR

STÆRRI FYRIRTÆKI

RÓT

6.000 KR

HEIMILI (FJÖLSKYLDUR)

AUSTURLAND* FRAMTÍÐARSÝN

Samstarfssamningur ríkis, sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga um verkefni er stuðla að framþróun Austurlands.

GILDI

KRAFTUR - FJÖLBREYTNÍ - SAMSTAÐA - SKÖPUN - GÆÐI

Austurland er fyrirmyndarsamfélag þar sem atvinnu- og menningarlíf er kröftugt og fjölbreytt. Til staðar er öflugt velferðarkerfi sem einkennist af samstöðu, trausti og sterku tengslaneti innan og utan landshlutans. Á Austurlandi er gott að búa og jafnvægi milli atvinnu og einkalífs í hávegum haft. Íbúafjölgun er stöðug, um og yfir landsmeðaltali.

ATVINNUÞRÓUN

Markmið atvinnuþróunar er að tryggja sjálfbæran og sterkan atvinnuveg, með áherslu á arðsemi, langtíma vöxt, félagsleg gildi, fagmennsku og náttúruvernd. Stuðla að jákvæðri uppbyggingu atvinnulífs með því að styðja markvisst við fyrirtæki, frumkvöðla og skapandi greinar. Hvetja til virkrar samvinnu milli aðila í atvinnulífinu, efla framfarir og stuðla að virðisaukandi auðlindanýtingu í heimabyggð.

ÁFANGASTAÐUR

Markmið markaðssetningar er Austurland sé þekktur áfangastaður ferðamanna með sterka innviði og gæðapjónustu byggða á nánd við mannlíf, náttúru, menningu og afurðir svæðisins. Unnið er öflugt innanlandsmarkaðsstarf þar sem kynnt eru þau fjölmörgu tækifæri sem bjóðast á Austurlandi.

MENNING

Markmið menningarstarfs á Austurlandi er að tryggja gróskumikið, kröftugt og fjölbreytt menningarlíf sem stuðlar að auknum lífsgæðum íbúa. Vöxtur, nýsköpun, gæði og samstarf eru einkennisþættir í menningarstarfi á Austurlandi.

MENNTUN OG FRÆDSLÁ

Markmið menntunar- og fræðsluverkefna er að Austurland sé sambærilegt við aðra landshluta þar sem námsþjónusta, framboð á fjarnámi og staðbundnu námi í heimabyggð er fjölbreytt. Stuðlað er að rannsóknnum á fjölbreyttum fræðasviðum á Austurlandi.

BÚSETUKOSTUR

Markmið er Austurland sé áhugaverður valkostur til búsetu og starfa þar sem lífsgæðin eru góð, fjölbreyttir kostir í atvinnumálum og nægt húsnæði til leigu og kaups. Gæðavitund, sjálfbærni, umhverfisvitund og þjónustulund eru lykilatriði sem styðja við uppbyggingu samfélagsins. Samgöngur og samgöngukostir eru eflar innan landshlutans og til hans; í lofti, láði og legi.

